

Tilkynning ÚUA um kæru í máli nr. UUA2607009 - Hlaðbær 17 - Byggingarleyfi fyrir tvær færanlegar kennslustofur á leikskólalóð

Móttekið	9.7.2026 08:27:19
Búið til dags.	10.7.2026 15:10:11
Tilheyir	 USK26070172 - Stjórnsýslukæra til ÚUA nr. UUA2607009 - Hlaðbær 17 - Byggingarleyfi fyrir tvær færanlegar kennslu stofur á leikskólalóð
Frá	Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála - UUA (uua@uua.is)
Til	usk@reykjavik.is, logfraedideild.usk@reykjavik.is

Innihald

Góðan dag.

Meðfylgjandi er afrit stjórnsýslukæru, móttekin 8. júlí 2026 ásamt fylgigögnum, þar sem kærð er ákvörðun byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 9. júní 2026 um að veita Reykjavíkurborg byggingarleyfi fyrir tveimur færanlegum kennslustofum á leikskólalóð við Hlaðbæ.

Vegna framkominnar kæru er farið fram á að úrskurðarnefndin fái í hendur gögn er málið varða, **þ. á m. fundargerðir, uppdrættir, umsóknir, samskipti við aðila máls og stofnanir**, og er stjórnvaldi jafnframt gefið kostur á að skila umsögn í málinu **innan 15 daga frá dagsetningu þessarar tilkynningar**, en hægt er að óska eftir 15 daga viðbótarfresti, sbr. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Varði hin kærða ákvörðun hagsmuni þriðja aðila er óskað upplýsinga, þ. á m. netfang og/eða símanúmer, um viðkomandi sem allra fyrst.

Óskast staðfest um móttöku.

Með kveðju,

Ólöf Þórunn Hafliðadóttir, laganemi
Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála
Borgartúni 21, 105 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 5758710
www.uua.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)



Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður og samgöngumáti er valinn.
Please consider the environment before printing and choosing transport.

Viðhengi

Hlaðbær 17 mynd1 júlí 2026.jpeg ()
Kæra til ÚUA vegna útgáfu byggingarleyfis á Hlaðbæ 17.docx ()
Hlaðbær 17 mynd2 júlí 2026.jpeg ()
Kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.pdf ()

KÆRA TIL ÚRSKURÐARNEFNDAR UMHVERFIS- OG AUÐLINDAMÁLA

8.7.2026 22:26

1. Kærandi/kærendur

Ef kærendur eru fleiri en einn skal skrá þá aðila hér með hnappnum Bæta við kæranda. Ef fleiri koma að kæru þarf umboð frá meðkærendum ef kærán er ekki meðfylgjandi undirrituð skriflega af öllum aðilum.

Fullt nafn	Þorgerður Sigurðardóttir
Kennitala	
Heimilisfang	Hábær 44
Póstnúmer	110
Staður	Reykjavík
Sími	
Netfang	

Ef um umhverfisverndarsamtök, útivistarsamtök eða hagsmunasamtök er að ræða þarf einnig að skila inn eftirtöldu, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Upplýsingum um félagafjölda. Samþykktum félagsins. Nýjustu ársskýrslu. Staðfestingu á því að um endurskoðað bókhald sé að ræða, t.d. með árituðum ársreikningi.

1. Kærandi/kærendur²

Ef kærendur eru fleiri en einn skal skrá þá aðila hér með hnappnum Bæta við kæranda. Ef fleiri koma að kæru þarf umboð frá meðkærendum ef kærán er ekki meðfylgjandi undirrituð skriflega af öllum aðilum.

Fullt nafn	Kristján Már Unnarsson
Kennitala	
Heimilisfang	Hábær 44
Póstnúmer	110
Staður	Reykjavík
Sími	
Netfang	

Ef um umhverfisverndarsamtök, útivistarsamtök eða hagsmunasamtök er að ræða þarf einnig að skila inn eftirtöldu, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Upplýsingum um félagafjölda. Samþykktum félagsins. Nýjustu ársskýrslu. Staðfestingu á því að um endurskoðað bókhald sé að ræða, t.d. með árituðum ársreikningi.

2. Umboðsmaður kæranda/kæranda ef við á

Fullt nafn	
Kennitala	
Heimilisfang	
Póstnúmer	
Sími	
Netfang	
Umboð	

3. Kæruefni

Hér skal tilgreina hvaða ákvörðun, athafnaleysi, brot á þátttökurétti almennings eða önnur afgangsla stjórnvalds er kærð. Upplýsa skal hvaða stjórnvald tók hina kærðu ákvörðun og hvenær ákvörðunin var tekin.

	Sjá meðfylgjandi kæruskjal sem er hlaðið upp í heild í lið 9. Fylgiskjalalista
Efni kærunnar	Kærð er útgáfa byggingarleyfis vegna svokallaðra færanlegra bygginga á lóð Reykjavíkurborgar við Hlaðbæ 17
Stjórnvald sem tók hina kærðu ákvörðun	Byggingarfulltrúinn í Reykjavík

Kæruheimild (ef þær upplýsingar eru til staðar)

4. Kröfugerð (hvers krefst kærandi?)

Sem dæmi má nefna krafa um að ákvörðun verði felld úr gildi eða hluta, að viðkomandi stjórnvald aðhafist, að tiltekna framkvæmdir verði stöðvaðar eða að réttaráhrifum ákvörðunar verði frestað. Tekið skal fram að úrskurðarnefndin úrskurðar um lögmæti kærðrar ákvörðunar en tekur ekki nýja ákvörðun í málinu eða breytir ákvörðunum.

Sjá meðfylgjandi kæruskjal sem er hlaðið upp í heild í lið 9.
Fylgiskjalalista

Byggingarleyfi verði felld úr gildi.

Byggingarfulltrúinn í Reykjavík verði úrskurðaður vanhæfur til að fjalla um málið.

Hafnað verði þeirri skilgreiningu að umdeildar byggingar teljist færanlegar.

Reykjavíkurborg verði gert að fjarlægja hin umdeildu mannvirki af lóðinni.

Reykjavíkurborg verði gert að meta og kynna mildari staðsetningu mannvirkja gagnvart nágrönnum.

HverfisSKIPULAG verði í heild úrskurðað ógilt.

Til vara: Reykjavíkurborg verði gert að greina frá því hve lengi umdeildum byggingum sé ætlað að standa. Aðeins verði gefið út tímabundið stöðuleyfi, að hámarki til fjögurra ára.

5. Hagsmunir kæranda/kæranda

Hvaða áhrif hefur hin kærða ákvörðun á hagsmuni kæranda/kæranda?

Lóð okkar að Háabæ 44 liggur að lóð Hlaðbæjar 17. Umdeildar byggingar byrgja útsýni til Elliðaárdals frá lóð okkar og húseign. Sjá ljósmyndir.

6. Kærufrestur

Hvenær (og hvernig) vissi kærandi/kærendur af hinni kærðu ákvörðun

Með pósti frá byggingarfulltrúa þann 12. júní síðastliðinn.

7. Rökstuðningur fyrir kæru

Sjá meðfylgjandi kæruskjal sem er hlaðið upp í heild í lið 9.
Fylgiskjalalista

Við undirrituð, íbúar Háabæjar 44, 110 Reykjavík, kærum hér með ákvörðun byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 9. júní 2026 um að veita Reykjavíkurborg byggingarleyfi „fyrir tveimur færanlegum kennslustofum á leikskólalóð við Hlaðbæ“.

Eftir fyrri úrskurð Úrskurðarnefndar umhverfis og auðlindamála í málinu, þar sem byggingarleyfi var ógilt, brást byggingarfulltrúi við þeim úrskurði með því að gefa íbúum nærliggjandi húsa kost á að koma á framfæri athugasemdum.

Viðbrögð byggingarfulltrúa bera hins vegar með sér að vera málamyndagjörningur þar sem ekki á nokkurn hátt er reynt að koma til móts við athugasemdir né að draga úr þeim skaða og þeirri eignarýrningu sem við teljum okkur verða fyrir með umdeildum byggingum.

Þannig staðhæfir byggingarfulltrúi að staðsetning hinna færanlegu kennslustofa hafi fyrir útgáfu kærða byggingarleyfisins verið metin sú hentugasta innan lóðarinnar. Sú staðhæfing er þó ekki studd neinum gögnum, hvorki með vísun í teikningar né fundargerðir. Við krefjumst þess að aðrir valkostir innan lóðar verði kannaðir sem hafi það markmið að lágmarka áhrif gagnvart nágrönnum og að raunverulegt samráð fari fram við þá nágranna sem sjá fram á stórfellda rýrningu verðmæta húseigna sinna vegna þessarar ákvörðunar. Telji byggingarfulltrúi að slíkt hafi verið gert beri að leggja fram gögn því til staðfestingar.

Þótt við höfum á sínum tíma ekki mótmælt samþykkt hverfisSKIPULAGS árið 2019, þar sem Reykjavíkurborg kemur sér undan skyldu til grenndarkynningar, teljum við enn að það SKIPULAG fari gegn rétti borgara til aðkomu að málum sem þá varðar. Borgin geti ekki með samþykkt hverfisSKIPULAGS svipt borgara mikilvægum borgaralegum réttindum, eins og okkur sýnist að ÚUA hafi í fyrri úrskurði tekið undir. Því krefjumst við þess að fram fari raunveruleg grenndarkynning og ítrekum kröfu um ógildingu þess hverfisSKIPULAGS í heild. Það að lögbrotið með gildistöku hverfisSKIPULAGS sé ekki mótmælt innan kærufrests getur ekki gert lögbrotið að viðurkenndri réttarframkvæmd.

Þá kærum við þá skilgreiningu að umdeildar húsbyggingar teljist „færanlegar“. Þær voru ekki fluttar tilbúna á staðinn heldur byggðar á verkstað af fjölda manna vikum saman, auk þess sem mikil vinna var lögð í húsgrunn með viðamiklum steinsteypum mannvirkjum. Augljóst má vera að byggingarnar verða ekki fjarlægðar af staðnum nema með niðurrífi.

Við teljum að Reykjavíkurborg og byggingarfulltrúi hans séu hér að misnota hugtakið „færanlegar kennslustofur“. Hér sé í raun verið að reisa byggingar sem ætlað er að standa áratugum saman. Við vekjum jafnframt athygli á því að í engu hefur verið brugðist við fyrirspurnum um hve lengi byggingunum er ætlað að standa. Við krefjumst þess að við slíkum tilraunum til misnotkunar verði brugðist með því að hafna byggingarleyfi. Sem varakrafa mætti skoða tímabundið stöðuleyfi, til dæmis að hámarki til fjögurra ára.

Við mótmælum því jafnframt að byggingarfulltrúinn og starfsmenn hans skuli telja sig bæra til að fjalla um viðfangsefnið. Eftir fyrri aðkomu að málinu, þar sem úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála felldi fyrri ákvörðun byggingarfulltrúa um útgáfu byggingarleyfis úr gildi, er byggingarfulltrúi með frekari aðkomu að málinu í reynd að fjalla um eigin ákvörðun og gerast dómari í eigin sök, sem við teljum fullkomlega óeðlilegt, og fara gegn nútíma réttarvitund.

Sem starfsmaður málsaðila, þess sem sækir um byggingarleyfið, það er Reykjavíkurborgar, telst byggingarfulltrúi að okkar mati, sem og starfsmenn hans, vanhæfur í skilningi stjórnsýslulaga enda þiggur hann laun sín frá lóðarhafanum, Reykjavíkurborg, umsækjanda byggingarleyfisins, og á öll sín starfskjör undir honum. Þótt slík vinnubrögð hafi á fyrri tímum verið talin eðlileg getur byggingarfulltrúi engan veginn talist hlutlaus til að fjalla um málið. Aðkoma hans að afgreiðslu málsins fer að okkar mati gegn nútíma viðhorfum um góða stjórnsýslu enda upplifum við hann sem hlutdrægan starfsmann byggingaraðilans, það er Reykjavíkurborgar.

Þess er því krafist að af þeim sökum verði útgáfa byggingarleyfisins ógild og að byggingarfulltrúinn í Reykjavík segi sig frá málinu. Í staðinn verði skipaður dómkvaddur aðili, til þess hæfur, ótengdur málsaðilum, til að fjalla um málið.

Við gerum þá kröfu að byggingaraðila, Reykjavíkurborg, verði gert að hanna og sýna aðra valkosti varðandi staðsetningu umræddra bygginga á lóðinni sem hafi minni íþyngjandi áhrif gagnvart nágrönnum, til dæmis í suðausturhorni lóðar. Til að slíkir kostir njóti jafnræðis við ákvörðun er þess krafist að þegar reistar byggingar með hinu ógilda byggingarleyfi verði fjarlægðar.

Þess er krafist að ekki verði tekin ákvörðun í málinu fyrr en umdeildar færanlegar byggingar hafi verið fjarlægðar, steinsteypt mannvirki sem þeim fylgja brotin niður, lóð sléttuð og komið í fyrra horf. Að öðrum kosti muni hin þegar reista bygging njóta óeðlilegrar forgjafar gagnvart öðrum mögulegum valkostum.

Þá teljum við fullkomlega óeðlilegt að gefa út eftirá byggingarleyfi vegna byggingar sem þegar sé risin.

8. Forsaga

Hefur málið áður verið kært til úrskurðarnefndarinnar eða annars stjórnvalds eða verið til meðferðar fyrir dómstólum eða hjá umboðsmanni Alþingis?	
	Já
	Sjá meðfylgjandi kæruskjal sem er hlaðið upp í heild í lið 9. Fylgiskjalalista
	ÚUA hefur áður fellt úrskurð varðandi málið á fyrri stigum.

9. Fylgiskjalalisti

Fylgiskjalalisti er tölusett skrá yfir skjöl og önnur gögn. Vinsamlegast merkið gögnin í samræmi við skjalalistann. Ef kæru er skilað á sérstöku skjali (ekki fyllt út í hólfen 3-7) er það skjal einnig sett hér.	
Lýsing skjals	Kæruskjal
Númer skjals:	1
Fylgiskjal	Kæra til ÚUA vegna útgáfu byggingarleyfis á Hlaðbæ 17.docx

9. Fylgiskjalalisti²

Fylgiskjalalisti er tölusett skrá yfir skjöl og önnur gögn. Vinsamlegast merkið gögnin í samræmi við skjalalistann. Ef kæru er skilað á sérstöku skjali (ekki fyllt út í hólfen 3-7) er það skjal einnig sett hér.	
Lýsing skjals	Ijósmynd 1
Númer skjals:	2
Fylgiskjal	Hlaðbær 17 mynd1 júlí 2026.jpeg

9. Fylgiskjalalisti³

Fylgiskjalalisti er tölusett skrá yfir skjöl og önnur gögn. Vinsamlegast merkið gögnin í samræmi við skjalalistann. Ef kæru er skilað á sérstöku skjali (ekki fyllt út í hólfen 3-7) er það skjal einnig sett hér.	
Lýsing skjals	Ijósmynd 2
Númer skjals:	3
Fylgiskjal	Hlaðbær 17 mynd2 júlí 2026.jpeg



Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála
Borgartúni 21
105 Reykjavík

Reykjavík, 6. ágúst 2026
USK26070172

Efni: Umsögn Reykjavíkurborgar í máli nr. UUA2607009, kæra Þorgerðar Sigurðardóttur og Kristjáns Más Unnarssonar, eigenda Háabæjar 44, dags. 8. júlí 2026. Þar sem kærð er ákvörðun byggingarfulltrúans í Reykjavík þann 9. júní 2026 að gefa út byggingarleyfi fyrir færanlegum kennslustofum við Hlaðbæ 17.

Kröfugerð

Kærandi krefst þess að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi og að byggingarfulltrúi Reykjavíkur segi sig frá málinu.

Reykjavíkurborg fer fram á að hin kærða ákvörðun verði staðfest og öllum kröfum kæranda verði hafnað.

Málavextir

Á afgreiðslufundi byggingarfulltrúa 2. desember 2025 var samþykkt umsókn, dags. 23. október 2025, um byggingarleyfi fyrir tveimur færanlegum kennslustofum auk tengibyggingar, mhl. 02, 03 og 04 í notkunarflokki 5, sem ættu að hýsa 24 börn og 5 starfsmenn á lóð nr. 17 við Hlaðbæ. Byggingarleyfi var gefið út 13. janúar 2026. HverfisSKIPulag fyrir Ártúnsholt, Árbæ og Selás, sem öðlaðist gildi við birtingu í B-deild Stjórnartíðinda 5. nóvember 2019, gildir fyrir lóðina nr. 17 við Hlaðbæ.

Með úrskurði úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í máli nr. UUA2602024, dags. 4. maí 2026, var framangreind ákvörðun byggingarfulltrúa frá 2. desember 2025, felld úr gildi. Taldi úrskurðarnefndin að byggingarfulltrúa hefði borið að gefa íbúum sem ættu lögvarða hagsmuni kost á að kynna sér gögn málsins og koma sjónarmiðum sínum á framfæri áður en ákvörðun um útgáfu byggingarleyfisins var tekin skv. 13. og 14. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Í samræmi við niðurstöðu úrskurðarnefndarinnar gaf byggingarfulltrúi aðliggjandi lóðarhöfum, þ.e. eigendum Hlaðbæjar 12, 14, 15, 16, 18 og 20 og Háabæjar 42 og 44, kost á að tjá sig um efni umsóknar um byggingarleyfi áður en umsóknin yrði tekin til afgreiðslu á ný, sbr. 13. og 14. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Bréf var sent á ofangreinda hagsmunaaðila þann 15. maí 2026 og var þeim veittur 14 daga frestur frá birtingu bréfsins til þess að senda inn andmæli.

Andmæli bárust frá eigendum Hlaðbæjar 4, 16, 18 og 20 og Háabæjar 44. Öll andmæli sem bárust voru tekin til sérstakrar skoðunar og öllum athugasemdum svarað sérstaklega með svarbréfum sem send voru þann 9. júní síðastliðinn. Svörin byggðu á upplýsingum og gögnum sem áður lágu fyrir en vegna áhyggja íbúanna af því að fjöldi bílastæða væri ekki í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um fjölda bíla- og hjólastæða í Reykjavík óskaði byggingarfulltrúi eftir minnisblaði frá embætti



Reykjavík



skipulagsfulltrúa. Í minnisblaðinu, dags. 5. júní 2026 kom fram að í innsendum athugasemdum gæti misskilnings á innihaldi reglnanna. Stæðafjöldinn sem þau vísi í (þ.e. 0,4 per starfsmann og 20 á hverja 100 nemendur) sé lágmarksfjöldi hjólastæða. Sé tekið tekið mið af viðmiðunum í útskýringum við töflu nr. 2 á bls. 9 í reglunum ætti að gera ráð fyrir á bilinu 4-9 stæðum fyrir starfsmenn. Þá séu eftir 5-10 stæði sem nýttast foreldrum og öðrum. Lítið er svo á að sá fjöldi bílastæða sé fullnægjandi. Sjá ítarlegan rökstuðning borgarinnar og svör við þeim athugasemdum sem bárust í skjalinu „Svör við athugasemdum – Hlaðbær 17“.

Ekki var talið að neitt sem fram kom í innsendum athugasemdum væri þess eðlis að það hefði áhrif á afgreiðslu málsins. Umrædd byggingarleyfisumsókn (USK25100382) var því lögð fram á afgreiðslufundi byggingarfulltrúa 9. júní 2026 og samþykkt.

Afstaða Reykjavíkurborgar

Reykjavíkurborg hafnar því alfarið að um málamyndagjöfning hafi verið að ræða þegar byggingarleyfið var afturkallað og eigendum aðliggjandi húsa gefið tækifæri til að koma að andmælum áður en tekin var ákvörðun um það hvort veita ætti byggingarleyfi að nýju. Líkt og rakið hefur verið og kemur fram í svörum borgarinnar við innkomnum athugasemdum, var farið efnislega yfir allar athugasemdir sem bárust og þeim svarað með rökstuddum hætti þar sem afstaða borgarinnar var útskýrð.

Varðandi mótmæli kæranda varðandi hverfisSKIPULAGIÐ vísast til niðurstöðu úrskurðar ÚUA í máli nr. UUA2602024 og umsagnar Reykjavíkurborgar vegna þess máls, dags. 30. mars 2026. Ítrekað er að hverfisSKIPULAG telst deiliskipulag í skilningi 5. mgr. 37. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og af 1. mgr. 44. gr. laganna leiðir að grenndarkynning er almennt ekki nauðsynleg þegar framkvæmd er í samræmi við gildandi skipulag.

Kærandi heldur því framan fram að umfang framkvæmdanna bendi til þess að um varanlegt mannvirki sé að ræða. Reykjavíkurborg áréttar að byggingarleyfi var veitt fyrir færanlegum kennslustofum auk tengibyggingar. Í greinargerð hönnunarstjóra, dags. nóvember 2025 og aðaluppdrætti BÓ verks ehf., dags. 17. október 2025, kemur skýrt fram að um færanlegar kennslustofur sé að ræða. Tilgreint er að gólfbitar verði settir á stálbita þannig að hægt sé að hífa húsið í burtu og að leitast verði við að raska lóð og gróðri sem minnst. Tæknileg hönnun mannvirkisins sýnir því með óyggjandi hætti að því er ekki varanlega skeytt við land eða steiptan grunn, og uppfyllir þannig öll einkenni tímabundins og færanlegs mannvirkis.

Þá er því vísað á bug að hinar færanlegu kennslustofur geti leitt til verðmætarýrnunar fasteigna í nágrenninu. Í ljósi þess að um tímabundið mannvirki er að ræða og þess að framkvæmdin felur í sér nauðsynlega innviðauppbýggingu og fjölgun leikskólaplássa í hverfinu, verður að telja að framkvæmdin þjóni mikilvægum almannahagsmunum sem jafnframt eru til þess fallnir að gera hverfið eftirsóknarverðara og styðja þannig við virði fasteigna á svæðinu.

Kærendur halda því fram að Reykjavíkurborg sé vanhæf í skilningi stjórnsýslulaga til að taka ákvörðun um veitingu byggingarleyfisins. Því er alfarið hafnað af hálfu borgarinnar.



Um hæfi starfsmanna sveitarfélaga fer samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 og stjórnarsýslulögum nr. 37/1993. Með vísan til 20. gr. sveitarstjórnarlaga þar sem fjallað er um hæfi til þátttöku í meðferð og afgreiðslu mála, sbr. 3. gr. stjórnarsýslulaga þar sem kveðið er á um vanhæfisástæður er því hafnað að byggingarfulltrúi hafi verið vanhæfur til ákvarðanatöku um útgáfu byggingarleyfis. Lögboðið hlutverk byggingarfulltrúa er að fjalla um umsóknir um byggingarleyfi innan umdæmis síns, þar með talið framkvæmdir á vegum sveitarfélagsins sjálfs. Slíkt fyrirkomulag gerir starfsmenn ekki sjálfkrafa vanhæfa, enda þarf starfsmaður að jafnaði að eiga einstaklingsbundinna og verulegra hagsmuna að gæta til að teljast vanhæfur. Að sama skapi veldur ógilding æðra stjórnvalds, þ.e. úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í máli þessu, ekki vanhæfi við nýja afgreiðslu málsins hjá sama stjórnvaldi. Lögmælt stjórnarsýsluferli gerir beinlínis ráð fyrir þeirri málsmeðferð þegar máli er vísað aftur til lægra stjórnvalds. Kröfu um að utanaðkomandi aðili verði dómkvaddur til að fara með málið er því hafnað. Ekki er lagaheimild í stjórnarsýslulögum eða lögum um mannvirki nr. 160/2010 til þess að dómkveðja utanaðkomandi aðila til að gegna lögbundnu hlutverki byggingarfulltrúa.

Niðurstaða

Í ljósi framangreinds hefur ekkert komið fram sem getur valdið ógildingu ákvörðunar byggingarfulltrúa frá 9. júní 2026. Ítrekar Reykjavíkurborg þá kröfu sína að úrskurðarnefndin hafni öllum kröfum kæranda í málinu. Taki nefndin til skoðunar aðrar málsástæður en fram koma í kæru og í umsögn þessari er þess óskað að borgaryfirvöldum verði gert kleift að tjá sig um þær áður en til úrskurðar í málinu kemur.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs,

Jóhanna Guðjónsdóttir
Skrifstofa stjórnarsýslu og gæða
Umhverfis- og skipulagssvið



Reykjavík